
HJÚKRUNARHEIMILI Á HÚSAVÍK:

DEILISKRÁNING VEGNA RÁÐAGERÐA UM UPPBYGGINGU HJÚKRUNARHEIMILIS Í NÁGRENNI HEILBRIGÐISSTOFNUNAR HÚSAVÍKUR



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2019
FS776-19491



Á ljósmynd á forsíðu er horft yfir bluta deiliskípulagssvæðis til suðausturs. Á myndinni sést garðlag SP-313:155.

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2019

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

Sími: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. FORNLEIFASKRÁ.....	11
5. SAMANTEKT UM SÖGU SVÆÐIS OG LANDSHÆTTI	27
<i>Stiklað á stóru um sögu Húsavíkur</i>	<i>27</i>
<i>Landshættir á úttektarsvæði</i>	<i>28</i>
6. FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSREITS.....	31
HEIMILDASKRÁ.....	33

Viðauki

Hnitaskrá fornleifa á ISN formati

Mínjakort

Samantekt

Til stendur frekari uppbygging á heilbrigðisþjónustu á Húsavík og í tengslum við hana er áætlað að byggja hjúkrunarheimili. Sökum þessa er nú unnið að nýju deiliskipulagi nærri núverandi spítala og dvalarheimili aldraðra. Deiliskipulagsreiturinn nær yfir svæði sem að hluta til er þegar komið undir byggingar og önnur mannvirki en er að hluta til grónar brekkur ofan byggðar.

Við deiliskráningu í desember 2019 voru skráðar sjö fornleifar innan marka skipulagsreitsins og tvær fornleifar að auki fast norðan markanna. Deiliskipulagsreiturinn er í túni gömlu Húsavíkurjarðarinnar en nær einnig inn í tún nálægra býla. Heimild um flestar af minjunum er túnakort sem gert var fyrir Húsavíkurkaupstað 1919. Minjarnar sem skráðar voru eru útihús, túngarðar, býli og kálgarðar. Öll yfirborðsummerki um meira en helming minjastaða eru horfin en einhver ummerki sjást um fjóra staði. Allir þeir staðir sem skráðir voru innan deiliskipulagsmarka töldust í stórhættu vegna yfirvofandi framkvæmda en staðirnir tveir sem voru skammt utan reitsins töldust aðeins í almennri hættu vegna hugsanlegra framkvæmda á svæðinu í framtíðinni.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, hjúkrunarheimili, Húsavík

Summary

This report presents the results of a detailed survey carried out at the north eastern edge of the town of Húsavík, NE Iceland. The work was done in advance of the development of the area in connection to a proposed nursing home. A large part of the plot is within an area that used to be the homefield of the farm of Húsavík but also extends into an area where two small farms/houses were built in the early 20th century (Auðbrekka and Brekkubær). A part of the area is already built up (buildings, roads etc) but a slope in the north eastern section is covered in forest, which has been planted in the last few decades.

Within the plot that was subject to a detailed survey there were seven archaeological sites while additionally two sites were surveyed a short distance to the north of the plot. Visible remains survive for less than half of these sites.


Keywords

Archaeology, detailed survey, nursing home, Húsavík

1. Inngangur

Í desember 2019 hafði Gaukur Hjartarson skipulags- og byggingafulltrúi Norðurbings samband við Fornleifastofnun Íslands og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu á fornleifum innan marka lítils deiliskipulagsreits á þeim slóðum sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga stendur. Mikið lá á verkinu og þar sem ekki var snjór á svæðinu var ákveðið að vinna það strax á næstu dögum. Skráningin var því unnin þann 4. desember, rétt áður en aftur fór að snjóa á svæðinu.

Deiliskipulagsreiturinn er innan þess landssvæðis sem áður tilheyrði Húsavíkurjörðinni og er í raun að hluta innan gamla heimatúns jarðarinnar. Á þessum slóðum eru talsvert af byggingum, m.a. Auðbrekka 4 (hús Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga), Auðbrekka 6 og Auðbrekka 8 og 8b. Áður en deiliskráning var unnin í desember 2019 lá fyrir aðalskráning fornleifa í landi Húsavíkur frá 2001 og af henni var ljóst að vænta mætti a.m.k. fimm minja á svæðinu.¹



Staðsetning deiliskipulagsreits á Íslandskorti og mörk deiliskipulagsreits ásamt helstu minjum innan þess og í nánasta nágrenni. Lofmynd frá Lofmyndum ehf

Um skráningu, alla úrvinnslu og skýrsluskrif sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir og tók hún allar ljósmyndir sem birtast í skýrslunni nema að annað sé tekið fram. Snjólaust var þegar svæðið var

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002.

skoðað og allar aðstæður ágætar en birtuskilyrði takmörkuð í upphafi og lok dags eins og eðlilegt er í desember. Svæðið er hluti af þéttbýli og er það því talsvert raskað enda suðvesturhluti þess þegar uppbyggt svæði. Engar byggingar eru á norðausturhluta svæðisins en það er talsvert umbreytt frá því sem áður var sökum skógræktar. Skógræktin gerði það að verkum að sumsstaðar var erfitt að leita af sér allan grun um að minjar væru á svæðinu. Við vettvangsskráningu var gengið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um þær eða ekki. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp. Í tengslum við skráninguna var leitað upplýsinga hjá Gauki Hjartarsyni sem aðstoðaði skrásetjara eftir föngum og fær hann bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna innan deiliskipulagsmarka. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bærarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-313:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreitsins eru allar innan marka lögbýlisins Húsavíkur eins og þau voru um miðja 19. öld. Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir mældir upp. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfa ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis (og í minna en 15 m fjarlægð frá mörkunum) í „stórhættu vegna framkvæmda“ en aðrar minjar utan svæðis í almennri hættu vegna mögulegra framkvæmda utan reits. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki

fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á níttekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnartstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutíki	SF-175-009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323

Sveinshlaða 009, horfi til norðurs

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt úthús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafartúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgraf um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlaðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru birtar upplýsingar um minjar í og við deiliskipulagsreit sem koma við sögu í úttektinni en ekki aðrar minjar innan gömlu Húsavíkurjarðarinnar og skýrir það þá staðreynd að númeraröð fornleifa er ekki samfelld.

4. Fornleifaskrá

SB-313 Húsavík

Sögulegt yfirlit

Í Landnámu segir : „Garðarr hét maðr, son Svávars hins svenska; hann átti jarðir í Sjólandi en var fæddr í Svíaríki; hann fór til Suðreyja at heima fodurarf konu sinnar. En er hann sigldi í gegnum Pétlandsfjörð, þá sleit hann undan veðr; ok, rak hann vestr í haf. Hann kom at landi fyrir austan Hord; þar var þá hofn. Garðarr sigldi umhverfis landit ok vissi, at þat var eyland. Hann kom a gjord þann, er kallaði Skjálftanda; þar skutu þeir báti og Náttfari, þræll hans, þá slitnaði festrin ok kom hann í Náttfaravík fyrir utan Skuggabjörg. En Garðarr kom oðrum megin fjarðarins ok var þar um vetrinn; því kallaði hann þar Húsavík.“ ÍF I, 35; sjá einnig landnám Héðins og Höskuldar í Þingeyjarsýslu, en hvorugur sest að á Húsavík, ÍF I, 275.

Í Heiðarvígasögu segir: „Barði kaupir skip, er uppi stóð í Húsavík [...].“ ÍF III, 324.

Í Ljósvetningasögu segir: „Síðan kom Hallvart út, Arnórsson, í Húsavík, ok Sigurðr hét maðr, er skip átti með honum, norrænn maðr.“ ÍF X, 5.

Í Reykdælu sögu og Víga-skútu segir: „Eyvindr fór til Íslands ok kom skipi sínu í Húsavík á Tjornnesi ok nam Reykjadal upp frá Vestmannsvatni ok bjó at Helgastoðum, ok þar var hann heyðr.“ ÍF X, 151.

Í Bárðarsögu segir: „Hann [Bárður] átti Fjörleifu Eyvindardóttur, þeirra synir váru Hávarðr á Fellsmúla ok Herjólfir á Mývatni ok Ketill í Húsavík,“ ÍF XIII, 110.

Jarðarinnar er getið í máldaga Húsavíkurkirkju 1318 (DI II, 428), 1394 (DI III, 582–584), og í bréfi Sigurðar officialis Jónssonar um reikningsskap kirkjunnar 1549 (DI XI, 698-699).

1231: Í Íslendingasögu segir: „Guðmundur biskup var heima at Hólum, þar til er Skagfirðingar ráku hann á brott at ráði Kolbeins unga af staðnum. Fór hann þá norðr um sveitir ok heldr tómlika þar til er hann kom í Húsavík til Guðmundar Húsvíkings.“ Sturl. I, 335.

1319: „Um sumarit eftir bjóz herra Auðun byskup til utanferðar af Gáseyri ok varð afturreka ok tóku land í Húsavík; var þá síra Egill enn með honum. Sat hann heima at Hólum um vetrinn,“ segir í Lárentíusar sögu. ÍF XVII, 337-338.

1425: Skýrsla Hannesar Péturssonar um yfírgang Englendinga: „[...]. Ecclesiam husauyk spoliauerunt et spoliata cremauerunt [...].“ DI IV, 328.

1532: „Ágrip af bréfi Friðriks konungs I til þeirra hvors um sig Jóns biskup Arasonar á Hólum og Þorsteins Finnbogasonar, að láta þá Peder van Spreckelzen og Dytmer Korb, ráðamenn í Hamborg, og vini þeirra, ganga fyrir öðrum, hvort sem eru Hollendingar eða aðrir, að fá brennistein og annan varnað á skip þau, er þeir ætli að senda til Húsavíkur.“ DI IX, 643; sjá einnig DI XIII, 704–706.

1686: Jarðardýrleiki óviss, beneficium, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 300.

1696: Jarðardýrleiki óviss, beneficium, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 300.

1712: Jarðardýrleiki óviss, beneficium, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XI, 254.

1847: 20 hdr., beneficium, samkvæmt Jarðartali Johnsen, 331. Í neðanmálsgrein segir: „Hann [A.M.] telur ennfremur Baagdesinde (graslaust timburhús), Húsavíkurverslunarstað, og Stangárbakki (þurabúð) og hafi prestur eptir allt þetta lóðartoll; en prestur telur þar að auki tómthúsin, Árnes, Beykihús, og Illugabæ.“

Hjáleigur 1712: Skogar gierde og Naust, eyðihjáleigur Þorvalldstader, Vilpa, og Petur Sel skv. JÁM XI, 256-257

Á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar myndaðist þorp í Húsavík og árið 1911 var Húsavíkurhreppi skipt í þorpið annars vegar (Húsavíkurhreppur) og dreifbýlið hins vegar (Tjörneshreppur). Karl Kristjánsson 1981, 89.

Kirkja var á jörðinni og er hennar fyrst getið í máldaga 1318 (DI II, 428) og verður líklega beneficium 1569 (BG, 272). Jarðarítak 1318: „fimtän lamba eldi liggur hier til. skulu þeir bændur ala. oc äbyrgiast er sä vill er hier býr. ä millum Biarnar är og Biklækiar. Enn þeir adrer Bændur er þingfararkaupi eigu ad gieгна. þa skulu giallda presti fiordung vættar fiska huort haust. þeir Bændur er minna fie eiga fäe presti fiordung [...]. flutning halfa a Ringuere [Hringsveri, SP-305],“ segir í DI II, 428. Einnig getið í jarðarítaki 1394 og 1712. Jarðarítak 1394: „kirkia eigr siettvng i hvalreka oc flvtningar firir kalbaks landi mille svarthamars oc forvada, þridivng i bakkareka skal eigi minna til kirkiu skrvdz vera af þessvm hval hvorvm tveggia en fimte hlvt,“ segir í DI III, 582. Einnig getið í jarðarítaki 1712. JÁM XI, 255.

Landkostir og staðbattir

Túnakort 1919: Húsavíkurtún 1–11 og 75–77: Tún 17,36 ha., þar af slétt 13,71 ha. Sáðreitir 555 m². Húsavíkurtún 12–28: Tún 14, 211 ha., þar af slétt 10,9404 ha. Sáðreitir 170 m². Húsavíkurtún 29–43: Tún 11, 1872 ha., þar af slétt 6,1014 ha. Sáðreitir 1290 m². Húsavíkurtún 44–74: Tún 15,6499 ha., þar af slétt 12,4577 ha. Sáðreitir 860 m².

1712: „Útigangur í betra lagi og bregst sjaldan í meðalárum með litlum heystyrk, en hestaganga í lakara lagi. Skógur til kolgjörðar er að kalla eyddur fyrir feyskju, en bjarglegur til eldiviðar. Torfstunga bjargleg, rista lök og laus. Víðirrif mjög lítið. Silúngsveiði með dráttar og lagnetjum í sjónum að góðu gagni, og so nokkur í Botnsvatni með lagnetjum. Selveiði af vöðusel hefur verið góð í næstu 3 ár, en þar fyrir engin undir 60 ár. Þar fyrir merkilega góð. Staðarhaldarinn ljenar nokkrum mönnum þessa veiði með sjer, og nýtur sjöttúngs þeirra sela sem koma í þeirra nætur, en

fímtúngs leggi hann sjálfur til skipið, og so er sagt að áður hafi verið, þá sú mikla selaveiði hefur verið. Rekavon í betra lagi [...]. Túninu spillir nokkuð lítið bæjarlækurinn með grjótsáburði. Engjar öngvar, fyrir utan hvað slá má á einnri lág upp frá túninu á fáeina hesta. Úthagarnir eru bjarglegir, ef þeir beittist ekki af hjeraðsmönnum sem sækja Húsavíkur kaupstað, hvörjir eð halda hjer í landinu margar nætur fjölda fjár og hesta, hvar af staðarhaldarinn líður stóran skaða og hagabrest fyrir sitt kvikfje vetur og sumar. Fyrir þennan átroðning hefur prestinum dæmt verið Anno 1684 þrír fiskar af hvörjum skattbónda, einn fiskur af þeim sem minna eiga, en 6 fiskar af þeim sem mikil kaup gjöra. Ekki hefur presturinn þetta fengið. Ekki hafa kaupmenn heldur betalað prestinum þennan átroðning með vissum tolli, fyrir utan hvað þeir hafa auðsýnt prestinum óákveðna þjenustu og góðvilja, hvað hann hefur og nokkuð forskuldað. Hætt er kvikfje fyrir dýjum og lækjum. Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip sem presturinn fær við komið. Inntökuskip hafa verið tvö í heimalendingunni og önnur tvö utar í Laugardalsfjöru, en ekki hafa þau hjer verið yfir 30 ár. Vertollur var lóðarfiskur af hvörju skipi og þar að auk að vertíðarlokum hálf vætt fiska. Verskalar hafa verið tveir við heimalendinguna og aðrir tveir í Laugardal, og bygðu skipeigendur þá upp, en staðarhaldarinn lagði viður til,“ segir í JÁM XI, 254–256.

SB-313:003 tóft útihús

575189 618051

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús rúmunum 10 m ofan (ANA) við suðausturhorn kirkjugarðs.

Húsið hefur verið við jaðar götunnar Auðbrekku. Gatan er malbikuð sunnar en skammt neðan við þar sem útihúsið hefur staðið tekur við malarslóði upp brekkuna og liggur hann framhjá húsum nr. 10, 12, 14 og 16 við Auðbrekku og svo áfram að hest- og fjárhúsahverfi og grasbletti ofan við. Húsið hefur verið nálægt þar sem nú er heimreið að íbúðarhúsi við Auðbrekku 10, beint ofan við kirkjugarðinn. Lækur (Húsavíkurlækur) rennur niður brekkuna á þessum slóðum, fast austan við tóftina en hverfur undir veg fast



Uppmæling á tóft SB313:003. Loftmynd: Loftmyndir ehf

sunnan hennar og er ekki merkjanlegur á yfirborði neðan við það. Austan við læk er skógrækt og einhver nærri tóftinni.

Á þessum slóðum eru ummerki um tóft sem hefur nokkuð verið raskað. Svo virðist sem á þessum stað hafi staðið aflöng tóft sem snéri nálega norður-suður. Hún hefur líklega verið tvískipt, hugsanlega skepnuhús sunnar og hlaða eða heystæði norðar. Syðri hluti tóftar er sæmilega



Ljósmyndir af tóft SP-313:003. Á efri mynd er horft til suðurs en á neðri mynd sem tekin er með dróna, til ANA.

greinilegur og 10 x 8 m að stærð. Af honum sjást vel austur- og norðurveggir, L-laga hleðsla, en vestur- og suðurveggur er alveg horfinn. Ekki er líklegt að tóftin hafi náð lengra til suðurs en þó er ekki hægt að fullyrða það. Til austurs hverfur hún í veginn (um 0,4 m að vegi). Innanmál tóftar eins og hún er núna er gróflega áætlað 6 x 3-4 m. Veggir eru nokkuð völdugir og 1,3 m á hæð þar sem mest er og 2 m á breidd. Norðan við umrætt hólfi hækkar landið og helst er að giska á að þar hafi verið hólfi sem staðið hefur herra. Það er þó að verða alveg ógreinilegt en óljós merki um innanmál þess má þó greina og virðist það hafa verið um 3,5 m á kant að innanmáli en ummerkin eru aðeins 0,1-0,2 m hærri en umhverfið. Fast ofan eða norðan við þetta ógreinilega hólfi hækkar landið enn og upp að bílastæði fyrir framan Auðbrekku 10. Greinilegt er að þessi hluti tóftar hefur verið talsvert skemmdur og má einnig vera að þær leifar sem eftir standa séu úr lagi færðar. Ýtuför eru inni í tóftinni og greinilegt er að nýlega hefur verið unnið á svæðinu. Trjárækt er í kring og grenitré er í norðausturhorni tóftar. Tóftin er 25-30 m utan við merki þess deiliskipulagsreits sem skráður var í desember 2019.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SP-313:004 heimild um útihús

575246 617916

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 140 m SSA við gamla bæinn á Húsavík 001 og um 160 m SSA við kirkjugarðinn 002. Öll ummerki um húsið eru nú horfin og virðist afar ólíklegt að leifar þeirra leynist undir sverði enda hafa umfangsmiklar framkvæmdir verið á þessum slóðum og nú standa miklar byggingar á þeim slóðum sem útihúsin voru. Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að útihúsið hefði staðið nálægt þeim stað þar sem nú er port eða kverk á milli tengiganga milli Hvamms og spítala. Á því svæði eru nú nokkur leiktæki.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SP-313:020 *Auðbrekka/Brekka* heimild um býli

575274 618012

Bærinn Auðbrekka er merktur inn á túnakort frá 1919. Auðbrekka stóð nálægt þeim stað þar sem nú stendur steinsteypt íbúðarhús á tveimur hæðum, Auðbrekka 8 en það hús var byggt 1949. Elsti bærinn á þessum slóðum var hins vegar úr torfi og timbri, var byggður árið 1905 og telst því til fornleifa. Engin ummerki sjást nú hins vegar um hann á yfirborði. Það voru "...hjónin María Indriðadóttir og Óli Jónatansson [sem] byggðu [bæinn] samkvæmt samningi við prestinn í Húsavík árið 1905. Bærinn var byggður úr torfi og timbri. Rúmlega 2 1/2 vallardagsláttu fylgdi úr landi prestsetursins. Þessi hjón voru fátaek, áttu margt barna og hrökkluðust frá þessum bæ sínum eftir

5 ára dvöl þar. Reyndar mun Óli hafa kallað bæinn Brekku og undir því nafni mun hann hafa gengið þangað til 1915, að þangað fluttist Baldvin Jónatansson skáld, bróðir Óla...Nefndi hann bæinn Auðbrekku eftir frændsetri sínu í Hörgárdal, enda skáldlegra nafn. Dyttaði Baldvin talsvert að bænum, því hann hafði dálítill fjárráð, þegar hann kom, og kona hans [Elenóra Símonardóttir] var dugleg og vann úti. Dvöldust þau Baldvin og Elenóra í Auðbrekku til 1932. Bærinn var hafður til íbúðar allengi eftir þetta, en var síðast peningshús," segir í Sögu Húsavíkur. Húsið var byggt 1949 á svipuðum stað og eldri torfbærinn stóð. Þegar túnakort frá 1919 er lagt yfir yngri loftmyndir má sjá að eldri bærinn í Auðbrekku hefur staðið nærri því nákvæmlega á sama stað og yngra hús á sama stað sem nú telst Auðbrekka 8. Engin ummerki sjást því um eldra hús.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SH I, 132 og Túnakort 1919

SB-313:021 þúst útihús

575346 617984

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 180 m ASA við Húsavíkurbæinn 001. Útihúsið hefur verið í norðausturhorni túngarðs 157 og verið 60-70 m suðaustan við Auðbrekkubæ 020. Húsið var í túnskika sem markaður var utan um bæði Auðbrekku og útihúsið og tilheyrði það líklegast Auðbrekku fremur en Húsavíkurbænum.



Uppmæling gróflega áætlaðra marka þústar SB-313:021. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Ljósmyndir af þústi SP-313:021. Á efri mynd er horft yfir þústina til norðurs en til ANA yfir sama svæði á drónamyndinni neðar

Sunnan við Auðbrekku, þar sem útihúsið stóð áður, er nú skógrækt sem verður þéttari eftir því sem sunnar dregur. Húsið hefur verið þar sem er óljós stallur eða hæð í brekkunni sem hallar til suðvesturs. Á 2-3 stöðum er búið að plægja rönd upp í brekkuna fyrir neðan og næst þústinni eru aðeins um 30 m að raskinu. Raskið eru líklega e.k. kannanir vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu.

Hæð eða þúst er á svipuðum slóðum og útihúsið hefur staðið. Ummerkin eru óveruleg en ekki virðist ólíklegt að þarna gætu leynst mannvistarleifar undir sverði. Það er aðallega vestur- og suðurhlið þústar sem skera sig úr brekkunni á afgerandi hátt. Samtals er svæðið 7 x 6 m stórt austur-vestur en þó má áætla aðeins stærra svæði í kring þar sem mögulegt er að mannvistarleifar


leynist. Það er mest 0,5 m hærra en umhverfið. Í suðurhlíð svæðisins er búið að gróðursetja 7-8 grenité í brúnina.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SP-313:155 garðlag túngarður

575212 618040



Uppmæling á garðlagi SP-313-155. Garðlagið er horfið á stórum kafla en legu þess má áætla eftir túnakorti frá 1919 og er hún sýnd með grárri brotalínu. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Samkvæmt túnakorti frá 1919 hefur garðlag legið upp frá suðausturhorni kirkjugarðsins 002, í um 20 m upp fyrir (til ANA) útihús 003 en þá beygt í 90° og þaðan legið um 260 m til suðausturs. Afgirt tún (sjá 157) hefur verið til norðaustur frá þessu garðlagi á einum stað í brekkunni, og á öðrum stað hefur garðlag legið frá því til suðvesturs, sjá 192. Garðlagið hefur legið um það svæði þar sem nú er sjúkrahús og öldrunarþjónusta og er að stóru leyti horfið í byggingar og framkvæmdir. Það sést þó norðarlega á svæðinu á kafla, fast sunnan við þar sem Húsavíkurlækur rennur niður brekkuna til móts við kirkjugarðinn.

Garðurinn sést á 38 m löngum kafla fast suðaustan við lækinn. Hann fast ofan (eða norðan) við þar sem götuslóði liggur frá Auðbrekku að Auðbrekku 8 og 8b. Það er garðurinn neðst í grasi



Ljósmyndir af garði SP-313:155. Á efri mynd er horft til ANA en til austurs á neðri mynd sem tekin er með dróna

gróinni brekku þar sem er nokkur skógrækt. Ofan við garðinn er talsverð eyða í skógræktina.

Garðinn má fyrst greina á suðurbakka Húsavíurlækjar en norðan við læk er talsvert þéttur trjágróður og ekki sjást merki um garðinn þar. Á þeim hluta garðsins sem enn er greinilegur er op í miðjunni. Það er um 1 m á breidd og skiptir garðinum í tvennt. Staurar eru í garðinum beggja vegna við opið og hefur líklega verið girt ofan á hann. Hann snýr NNV-SSA. Vesturhlið garðsins er mun stæðilegri en austurhliðin sem vísar upp í brekkuna og bendir það til að hann hafi átt að halda skepnum utan garðs fremur en innan. Hæð að innanverðu er 0,2-0,3 en að utanverðu er hann mest 1-1,2 m. Garðurinn er reglulegur, aðeins breiðari neðst en efst (1,2 m neðst en tæpur 1 m efst) og er gróinn mosa og grasi. Hann virðist ekki mjög forn og ekki er ólíklegt er að hann sé byggður á síðari hluta 19. aldar eða í upphafi þeirrar 20. aldar. Á einstaka stað sést glitta í grjóti en hann er þó að mestu algróinn. Garðurinn er stæðilegastur allra nyrst en aðeins hrúðið úr honum þegar nær dregur Auðbrekku 8b. Á kafla er talsvert þýfi fast vestan við garðinn og mögulegt að þar hafi verið kálgarður, a.m.k. eru reglulegar línur á tveimur stöðum. Af túnakorti frá 1919 má sjá að garðurinn hefur legið talsvert mikið lengra til suðausturs eða suðurfyrir húsið Miðhvamm. Ekki sást merki um hann suðaustan við veginn sem liggur að húsunum Auðbrekku 8 og 8b og því er hann horfinn á 240 m kafla.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-313:157 garðlag túngarður

575357 617980

Talsverðir túngarðar eru merktir inn á túnakort af Húsavík frá 1919. Undir númer 155 er skráð talsvert langt garðlag sem legið hefur til ASA frá kirkjugarði 002 og sést á 40 m kafla en er annars horfinn. Frá umræddum garði hefur hins vegar verið girt af tún í brekkunni milli Auðbrekku 8 og Skálabrekku 19. Á þessum slóðum er brekka sem hallar til suðvesturs en hún er nú komin á kaf í þetta skógrækt. Talsverð ummerki sjást þó um garðinn inn á milli trjána. Garðurinn er í hlið sem hallar til suðvesturs við Sjúkrahús Húsavíkur. Brekkan er grasi gróin og þar er nokkur trjárækt.

Á þessum stað hefur verið afmarkað tún sem var um 100 x 80 m stórt og snéri NNV-SSA. Suðvesturhliðin var eins og áður sagði afmörkuð af garði 155 en hann er alveg horfin á þessum



Uppmæling á túngarði SB-313:157. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Drónamynd af norðvesturhlið túngarðs SP-313:157_03. Á myndinni sést glitta í garðinn inn á milli þéttar skógræktar. Horft til norðurs



Garðpartur SP-313:157_03 til vinstri (horft til NNA) en garðpartur SP-313:157_01 til hægri (horft til suðvesturs)

slóðum. Einhver ummerki sjást um aðrar hliðar garðsins þótt þær séu að verða illgreinilegar sökum skógræktar. Norðvesturhlið garðsins er horfinn á vestustu 40 m eða svo þar sem hún hefur verið nálægt því að vera á lóðamörkum Auðbrekku 8 og 8b. Ofan íbúðarhúsanna tveggja má hins vegar greina garðlagið (03) á um 40 m löngum kafla þar sem það liggur upp brekkuna í miðri skógræktinni. Þar er garðlagið illgreinilegt sökum þétts skógar (grenitré) en þó má enn greina það í skógarþykkninu og greinilegt að það hefur verið nokkuð stæðileg hleðsla. Þegar komið er upp úr mestan brattanum endar garðlagið eða beygir í 90° (hér nefnt 02). Garðpartur 03 er allt að 1 m á hæð og allt að 1,5 m á breidd og sléttur í toppinn. Brúnir hans, þó sérstaklega norðurbrúnin, eru

mjög skarpar og því er hægt að rekja þær inn á milli þéttra raða af grenitrjám. Garðurinn er vaxinn mosa og grasi. Garðlag 02 er afar óljóst enda þétt skógrækt á þessum slóðum en er eins konar brún í skógræktinni sem er 0,3 m hærri en umhverfið. Garðinn má greina sem óljósan hrygg í skóginum í um 15 m áður en hann verður of óljós til að hægt sé að fylgja honum eftir og er hann nær alveg óljós á um 60 m kafla til suðausturs áður en hann verður aftur merkjanlegur og er þar um 15 m langur áður en hann beygir í um 90° og liggur þá aftur niður hlíðina. Frá umræddum kafla, garðhluta 02 liggur óverulegt garðlag eða girðingaundirstaða til NNA í um 40 m upp að malarvegi. Umrætt garðlag 04 er óverulegt og virðist nýrra en þeir garðhlutar sem hér fá númerin 01-03 og eru merktir inn á túnakort frá 1919. Mögulegt er að yngri kálgarðar hafi verið á þessum slóðum. Garðpartur 02 sem er efst í hlíðinni og er ógreinilegur á stórum kafla er best merkjanlegur allra suðaustast. Þar er hann 0,5-0,6 m hár og mest 1,2 m í botninn en aðeins mjórri upp. Suðvesturhlíðin er nokkuð hrúnin til suðvesturs, niður brekkuna. Suðausturhlíð garðlagsins (01) er sú hlið sem hvað best er greinileg þar sem hún liggur niður brekkuna í átt að Hvammi. Þessi hluti garðlagsins er um 85 m langur og endar rétt ofan stíg sem liggur frá botnlanga Skálabrekku og að Hvammi. Garðurinn er vaxinn grasi og lyngi en runnagróður er í honum á kafla og greni- og lerkitré skammt frá.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SB-313:191 heimild um kálgarð

575173 618016

Inn á túnakort frá 1919 er merktur kálgarður um 40 m SSA við kirkjugarð 002 en rúmum 10 m SSA við bæ 001. Kálgarðurinn hefur verið um 30 x 16 m stór og snúið ANA-VSV. Engin yfirborðsummerki sjást um hann nú en hann hefur verið að hluta þar sem nýlega steipt bílastæði er við kirkjugarðinn og náð til SSA frá því. Hann hefur legið þar sem tvö stór grenitré standa, yfir götuna Auðbrekku og örlítið inn fyrir lóðarmörk Auðbrekku 6. Þar sem kálgarðurinn var áður er nú steipt bílastæði, malargata grasblettir og húsalóð Auðbrekku 6.

Kálgarðurinn var fast NNV við mörk deiliskipulagsreits en suðausturhorn hans hefur þó nærri náð alveg að mörkunum eða verið um 2 m utan þeirra. Fremur litlar líkur virðast á því að nokkrar leifar kálgarðsins sé að finna undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

SB-313:192 heimild um túngarð

575237 617897

Samkvæmt túnakorti frá 1919 hefur garður legið frá garðlagi 155 um 15 m ASA við gamla spítalann og legið þaðan í um 170 m til VSV á svipuðum slóðum og gatan Pálsgarður liggur nú, áður en það beygði lítilliga til suðurs og lá áfram í um 25 m að núverandi Ketilsbraut og þaðan áfram til suðurs.

Aðeins lítill hluti af garðlaginu hefur verið innan þess deiliskipulagsreits sem skráður var 2019 eða um 90 m en þeir eru alveg horfnir í húsbyggingar, bílastæði og aðrar framkvæmdir. Á þessum slóðum eru byggingar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga nú og engin merki um garðinn innan deiliskipulagsreits. Ólíklegt er að leifar garðlagsins leynist undir sverði innan framkvæmdasvæðis.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SP-313:193 *Brekkubær* heimild um býli

575320 617899

"Brekkubær stóð þar sem nú er Þórshamar. Bærinn byggði Baldvin Friðriksson (Baldi Finna), frá Kotamýrum á Kotadal 1921. Hann flutti búferum frá Flatey á Skjálfanda og til Húsavíkur. Reif hann áður bæ sem hann hafði byggt í eygni og flutti við úr honum í land og notaði í Brekkubæ.[...] Baldvin endurbyggði Brekkubæ 1930 og nefndi þá Þórshamar. Hákon Mariusson átti húsið um skeið og hafði þar búskap," segir í Örnefnabók Húsavíkur en þar er líka málverk af bænum og í texta sem skýrir myndina kemur fram að fjósið var vinstra megin við bæinn. Í Sögu Húsavíkur segir: "Þórshamar. Íbúðarhús, timbur, kjallari, hæð, ris. Hér stóð áður Brekkubær,...." Á málverki



Brekkubær á málverki Jóhanns Björnssonar. Myndin er birt í Kortabók Húsavíkurlands, bls. 52

af Brekkubæ sem birtist í Kortabók Húsavíkur að dæma hefur bærinn verið lítill en fallegur torfbær

með tveimur burstum. Fjósið hefur verið ein lítil burst allra norðvestast og hefur verið gluggi og dyr á stafni þess sem þá virðist hafa snúið til suðvesturs. Sjálfur bærinn hefur snúið þvert á fjósið eða norðvestur-suðaustur og timburpil eða stafn verið á langhliðinni norðarlega. Umræddur bær vék 1930 þegar íbúðarhúsið Þórshamar var byggt og virðist það því hafa verið á sama stað og eldra hús. Það hús stóð á þessum stað fram til 1995 þegar það var flutt að Mánárbakka á Tjörnesi og hýsir nú minjasafn þar. Húsið Brekkuhvammur er suðaustan við gamla Þórshamar en á svipuðum slóðum og er nú Skálabrekka 19. Öll ummerki um elsta húsið á þessum slóðum, Brekkubæ, eru nú horfinn af yfirborði og ólíklegt að ummerki um það finnist enn undir yfirborði enda telur Gaukur Hjartarson byggingafulltrúi að þegar húsið var flutt hafi allt verið skafið alla leið niður á móhelli á þessum slóðum. Á þessum stað er nú botnlangi Skálabrekku, malarplan og bílastæði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: SH I, 164 og Kortabók: Húsavíkurland örnefni og söguminjar, 48 og 52



5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Stiklað á stóru um sögu Húsavíkur

Það svæði sem skráð var vegna nýs deiliskipulags í desember 2019 tilheyrði sem fyrr segir jörðinni Húsavík og er að hluta innan þess svæðis sem taldist heimatún þess. Til að gefa örlítið sögulegt samhengi svæðisins verður hér stiklað á stóru um sögu jarðarinnar. Margt hefur hins vegar áður verið ritað um sögu Húsavíkur og vísast hér til þess efnis fyrir ítarlegra yfirlit og þá sér í lagi til *Sögu Húsavíkur*. Eftirfarandi samantekt um jörðina byggir m.a. á fyrrnefndri bók sem og eldri úttekt höfundar á sama svæði.²

Húsavík er í Landnámabók talin elsta byggða ból á Íslandi, þar hafði Garðar Svavarsson vetursetu samkvæmt henni og þar mun Náttfari hafa búið uns hið eiginlega landnám hófst og hann var hrakinn til Náttfaravíknar.³ Hvað sem áreiðanleika þessarar sögu líður þá verður að teljast líklegt að Húsavík hafi verið með alfyrstu bústöðum við Skjálfanda. Það gerir hin góða höfn og ágæt búskaparskilyrði upp af henni. Þeir sem settust að í Húsavík hafa verið í góðri aðstöðu til að hafa áhrif á landnám þeirra sem á eftir komu og má af því ætla að Húsvíkingar hafi verið hlutfallslega valdamiklir hina fyrstu áratugi sem land var að byggjast. Jarðarinnar er getið í Heiðvígarsögu, Ljósvetningasögu og Reykdælasögu, í öllum tilfellum í tengslum við skip- og skipakomur og því ljóst að svæðið hefur snemma gegnt mikilvægu hlutverki sökum hagstæðra hafnarskilyrða.⁴ Eftir að búið var að ryðja skóga og koma upp byggð í Aðaldal, Reykjadal og um Ljósavatnsskarð hafa valdamíðstöðvar þar hinsvegar án efa tekið að skyggja á Húsavík og hefur bærinn þá hætt að vera héraðsmíðstöð. Húsavík var á miðöldum miðstöð í sinni sveit, þar var sóknarkirkjan og eftir henni hét hreppurinn sem var stór og fjölmennur. Ekki er þó getið höfðingja í Húsavík eftir söguöld og í lok 13. aldar komst staðurinn undir forræði Hólabiskupa og varð kirkjulén. Eftir það sátu hefðarklerkar staðinn og ráku búskap á jörðinni og er staðarins einkum getið í heimildum á næstu öldum í máldögum kirkjunnar.⁵ Ekki er vitað hvenær verslun hófst í Húsavík, en slíkrar skipakomu er þar getið fyrst 1320. Árið 1423 rændu Englendingar í Húsavík og kveiktu í kirkjunni þar⁶ en það er ekki fyrr en á 16. öld sem Húsavík fer að koma verulega við sögu verslunar og þá fyrst og fremst í sambandi við útflutning brennisteins frá námunum í Suður-Þingeyjarsýslu. Frá 1614 var regluleg sigling einokunarkaupmanna á Húsavík og hefur þá verið komið þar upp aðstöðu – ef hún var ekki

² Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. og Saga Húsavíkur I. 1981.

³ ÍF I, 35.

⁴ ÍF III, 324, ÍF X, 5 og ÍF X, 151.

⁵ Sjá t.d. máldagi frá 1318, DI II, 428, 1394, DI III, 582–584, og bréf Sigurðar officialis Jónssonar um reikningsskap kirkjunnar 1549, DI XI, 698–699.

⁶ DI IV, 328.

komin fyrir – niðri við höfnina. Til er uppdráttur frá 1747 sem sýnir höfnina, þrjú timburhús og rétt auk hjáleiga frá höfuðbólinu.⁷ Þær voru fimm í byrjun 18. aldar, þar af tvær gamlar (Þorvaldsstaðir og Skógargerði) en þrjár sem byggst höfðu um miðja 17. öld, Naust (um 1650), Vilpa (um 1670) og Péturssel (um 1660) en byggð á síðastnefnda staðnum var ekki langvinn. Á svipuðum tíma hófst byggð á Kaldbak en sú hjáleiga frá Saltvík var byggð á fornu eyðibóli um 1660.

Þessi fjölgun bústaða á svæðinu var hluti af svipaðri þróun um allt land og virðist ekki tengd kaupstaðnum sérstaklega. Það var ekki fyrir en á síðustu árum 19. aldar sem fjölga fór bústaða í kringum verslunarstaðinn og þorpið Húsavík tók að myndast. Í fyrstu byggðist afkoma þorpsbúa jöfnum höndum á sjósókn og landbúnaði og sjást þess greinileg merki í fornleifaskrá en meirihluti skráðra fornleifastaða í Húsavík eru bústaðir, útihús og garðar frá seinni hluta 19. aldar þegar þorpið var að taka á sig mynd. Í upphafi 20. aldar má sjá að bústöðum í kaupstaðarlandinu hafði fjölgað mikið og margir þeirra áttu afmörkuð túnstæði í kringum íbúðarhúsið. Algengt var sjálfsþurftarbúskapur væri stundaður í kaupstaðarlandinu, ýmist einn og sér eða samsíða annari vinnu og virðist það hafa verið áberandi á fyrri hluta 20. aldar.

Landshættir á úttektarsvæði

Deiliskipulagsreiturinn sem tekinn var út í desember 2019 er í norðausturjaðri þéttbýlisins á Húsavík. Suðvesturmörk reitsins eru þar sem gatan Auðbrekka liggur til suðausturs sunnan við heilbrigðisstofnun Þingeyinga og ná þau áfram í sömu stefnu til suðausturs þar sem henni sleppir, að Vallholtsvegi. Þar liggja mörkin svo yfir grænt svæði, til ANA í stefnu á Skálabrekku 11-13. Þar liggja mörkin eftir götunni Skálabrekku til norðvesturs að enda götunnar en beygja þar upp brekkuna og liggja fyrst til NNA svo NNVog þá til vesturs og suðvesturs og marka þannig af sæmilega stórt svæði í brekkunni. Mörk svæðisins liggja svo til suðurs norðvestan við Auðbrekku 8b og þá áfram til suðurs austan við Auðbrekkuveg.

Enginn hluti deiliskipulagsreitsins getur talist óraskaður. Suðvesturhluti hans er innan þéttbýlis og þar standa margvíslegar byggingar tengdar Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Á milli þeirra eru malbikaðar götur, göngustígar, bílastæði og sléttaðar flatir. Á norðausturhluta svæðisins eru tvö íbúðarhús og gata að þeim en stærstur hluti þess eru grasi grónar brekkur sem hallar til suðvesturs. Í þeim hefur nú verið plantað mikið af trjám sem eru að verða hávaxin og svæðið er því á kafla erfitt yfirferðar. Að hluta til er það þó enn autt og þar er það grasi gróið.

⁷ Saga Húsavíkur I, 37

Hluti úttekarsvæðisins var innan heimatúns Húsavíkur (eins og það var í upphafi 20. aldar). Minjadreifing í heimatúnum, nærri staðsetningu gömlu bæjanna er gjarnan þétt og þyrfti ekki að koma á óvart að á slíku svæði gætu reynst áður óþekktar minjar undir sverði. Segja má að norðvesturhluti deiliskipulagsreits tilheyri gamla Húsavíkurtúninu en stærstur hluti svæðisins var reyndar hluti af öðrum túnblettum í upphafi 20. aldar þegar túnakort eru teiknuð fyrir kaupstaðarlandið. Sjálft bæjarstæðið, Húsavíkurbærinn, stóð örskammt NNV úttekarmarka og hefur kálgarður sem var við bæinn náð fast suður að deiliskipulagsmörkum. Deiliskipulagið er þó alfarið utan bæjarstæðisins sjálfs.



Nokkrar yfirlitsmyndir sem sýna landslag og gróðurfar innan úttekarsvæðis. Á efri mynd til hægri má sjá gamla kirkjugarðinn efst til vinstri á mynd en bæjarstæði Húsavíkur var þar við hliðina, þar tveir bílar sjást á nýlegu bílastæði á myndinni



6. Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Samtals voru skráðir níu minjastaðir innan eða skammt utan við jaðar deiliskipulagsreits. Minjarnar endurspegla þá landnýtingu sem var á svæðinu á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. en skráð voru þrjú útihús, tvö býli, þrír túngarðar og kálgarður.

Þrjár af minjunum tilheyra líklega býlinu Auðbrekku. Í fyrsta lagi var skráð heimild um eldri bæ í Auðbrekku SP-313:020 sem byggður var úr torfi, grjóti og timbri 1905 en vék fyrir því íbúðarhúsi sem nú er Auðbrekka 8 og byggt var um miðja 20. öld. Engar leifar sjást nú um eldra hús á þessum slóðum en ummerki um túngarð SP-313:157 sem girt hefur af landnáði Auðbrekku (um 100 x 80 m stórt svæði) er greinileg á kafla í brekkunni ofan við Auðbrekku 8 og 8b og til suðausturs að Skálabrekku 19. Svæðið þar sem túngarðurinn liggur er nú komið á kaf í skógrækt en þó má rekja túngarðinn á nokkrum kafla í brekkunni. Líklegast er að garðurinn hafi verið byggður á svipuðum tíma og Auðbrekka eða laust eftir 1900. Innan túngarðs var eitt útihús SP-313:021 samkvæmt túnakorti frá 1919 og stóð það í suðausturhorni túngarðsins. Lítil ummerki sjást nú orðið um það í skógræktinni sem er á þessu svæði en þó er ógreinileg hæð eða þúst í brekkunni á þessum slóðum. Við suðurmörk deiliskipulagsreits var skráð bæjarstæði svonefnds Brekkubæjar SP-313:193 þar sem torfbær var byggður 1921 en hann stóð aðeins í tæpan áratug því timburhús reis á sama stað 1930. Bærinn er á mörkum þess að teljast til fornleifa (þar sem miðað er við mannvirki 100 ára og eldri) en engin ummerki sjást um hann lengur. Aðrar af þeim minjum sem skráðar voru innan deiliskipulagsreit hafa líklegast tilheyrt Húsavíkurbænum og ber þar fyrst að nefna heimild um tvær minjar alveg við bæinn og skammt utan deiliskipulagssvæðis. Annars vegar var þar skráð útihústóft 313:003 um 27 m NNV við mörkin og flokkast hún því ekki í stórhættu vegna framkvæmdanna heldur aðeins í hættu. Tóftin er hins vegar nærri skipulagsmörkum og aukinheldur hefur hluti hennar þegar verið skemmdur og ýtuför í og við tóftina þóttu benda til að hún væri í nokkurri hættu vegna framkvæmda, hvort sem framkvæmdir innan deiliskipulagsreits ógna henni að þessu sinni eða ekki. Tóftin virðist hafa verið tvískipt og hefur án efa verið einhvers konar útihús frá Húsavíkurbænum. Hin fornleifin sem skráð var utan marka deiliskipulags (og því fremur í hættu en stórhættu) er heimild um kálgarð Húsavíkurbæjarins SP-313:192 sem náði fast að deiliskipulagsmörkum, yfir Auðbrekkugötuna og að malbikuðu bílastæði við kirkjugarðinn. Garðurinn er svo nærri deiliskipulagsmörkunum (og helgunarsvæði hans innan þess) að hann var sökum þess tekin með í skráningu reitsins. Engin merki sjást hins vegar um hann á yfirborði og ekki er líklegt að mikil ummerki séu enn undir yfirborði. Leifar af miklum garði SP-313:155 sáust frá Húsavíkurlæk og í um 40 m til SSA áður en hann hverfur í framkvæmdir. Samkvæmt túnakorti hefur garðurinn verið allt að 280 m langur og náð suður fyrir Hvamm. Garðurinn er teiknaður inn á túnakort frá 1919 og má vera að líkt og garðurinn umhverfis Auðbrekku sé hann byggður síðla á

19. öld eða í upphafi þeirrar 20. Þriðji túngarðurinn sem skáður var SP-313:172 lá frá umræddum garði og til vesturs yfir það svæði þar sem nú eru byggingar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, bílastæði og götur. Engar leifar sjást lengur um garðinn en að líkindum hefur hann verið svipaður og garðar 155 og 157 og mögulega byggður á svipuðum tíma. Þriðja útihúsið SP-313:004 sem skráð var innan marka deiliskipulags er einnig skráð upp af túnakorti frá 1919 og hefur líklega verið frá Húsavíkurbænum. Umrætt hús hefur staðið nærri þeim stað þar sem nú er tengigangur á milli Hvamms og spítalans og eru öll ummerki um húsið löngu horfin.

Ekki voru aðrar fornleifar skráðar innan marka deiliskipulagsreits. Auk gömlu bæjanna Auðbrekku og Brekkubæjar stóðu fjárhús og hlaða frá Auðbrekku, byggt 1933 og 1940 skammt neðan við íbúðarhúsin í númer 8 og 8b við Auðbrekku. Húsið var síðar (eftir 1972) í eigu bæjarins og notað sem geymsla áður en það var rífið. Það telst ekki til fornleifa og var ekki skráð sérstaklega. Elsta húsið sem stendur innan reitsins er Árnahús eða Auðbrekka 8b sem byggt var 1927. Það var ekki flutt á þennan stað fyrr en 1993 og stóð áður við Garðarsbraut. Það telst hvorki til fornleifa né friðaðra bygginga og sömu sögu er að segja með nokkuð merkilegt steinsteypt hús, Gamla spítalann sem var byggður 1936. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir muni hafi áhrif á þau hús sem eru þegar innan deiliskipulagsreitsins og þar sem ekkert þeirra getur talist til fornleifa eða er friðað eða umsagnarskylt er ekki fjallað sérstaklega um þau í þessari skýrslu.

Allar minjarnar sjö sem þekktar eru innan marka deiliskipulags voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Það er hins vegar líklegast að öll ummerki um býlið Auðbrekku 020, Brekkubæ 193, útihús 004 og garðlag 192 séu horfin í framkvæmdir á svæðinu. Garðlag 155 stendur vel á þeim kafla þar sem það er enn greinilegt en garðlag 157 er að hverfa í skógrækt og má í raun deila um hvort því stafi bráðari hættu af skógræktinni eða mögulegum framkvæmdum á þessum slóðum. Svipaða sögu er að segja um ólögulega þúst þar sem útihús 021 stóð, þar sem staðurinn er í talsverðri hættu vegna skógræktar. Ekki er víst að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað en til að skera úr um það þyrfti að gera könnunarskurð í þústina.

Nú er unnið að undirbúningi hönnunar vegna frekari byggingaframkvæmda innan deiliskipulagsreitsins og má minna á mikilvægi þess að hönnunin verði unnin í samstarfi við Minjastofnun Íslands sem mun gefa fyrirmæli um það hvort og þá hugsanlega með hvaða mótvægisáðgerðum minjar megi víkja ef þurfa þykir.

Heimildaskrá

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning á Húsavík*. Fjölrit Fornleifastofnunar: FS166-01171. Reykjavík.

ÍFI: *Íslenskt fornrit* I-, .1933. Jakob Benediktsson sá um útgáfu. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

JJ/Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkestölu í breppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III: Gullbringu- og Kjósarsýsla.* 1943. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Jóhann Hermannsson og Sigurjón Jóhannesson. *Kortabók – Húsavíkurland: Örnefni og söguminjar.* Safnahúsið á Húsavík, Húsavík, 1994.

LP I: Jón Sigurðsson. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla.* Helgafell, Reykjavík, 1954.

SH I: Karl Kristjánsson. *Saga Húsavíkur.* I bindi. Húsavíkurkaupstaður, 1981.

SSÞ: Þingeyjarsýslur. *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844.* Reykjavík, 1994.

Sturl: *Sturlunga saga,* Örnólfur Thorsson ritstj., Reykjavík 1988.

Óutgefið efni:

Ö-Húsavík og Bakkaland ath. og viðb: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. Þráinn Magnússon skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Húsavík og Bakkaland NN: Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. [Án skrásetjara]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Húsavík og Bakkaland: Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. Björn H. Jónsson endursamdi skrá Ara Gíslasonar. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Loftmyndagögn:

Loftmynd af Húsavík og nágrenni, tekin 8. apríl 1955. LMI-Kort-LI209-LI2-1939-qv. Tegund myndar: SH, Flokkur LI2, númer 1937 til 1941.

Lofthmynd af Húsavík og nágrenni tekin 9. ágúst 1964. LMI-Kort-A27-A-7058-qv. Tegund myndar SH, flokkur: A, númer 7055-5061.

Lofthmynd: frá Loftmyndum ehf. september 2019.



HNITASKRÁ Á ISN93 FORMATI

Samtala	x	y
Sp-313:003	575189	618051
Sp-313:004	575246	617916
Sp-313:020	575274	618012
Sp-313:021	575346	617984
Sp-313:155	575212	618040
Sp-313:157_01	575357	617980
Sp-313:157_02	575300	618055
Sp-313:157_03	575274	618031
Sp-313:157_04	575375	618011
Sp-313:191	575173	618016
Sp-313:192	575237	617897
Sp-313:193	575320	617899

MINJAKORT

